

hann vill fara í málssókn til að leita réttar þess, er hann telur sig eiga; en ef hann afræður þetta, getur hann væntzt eptir að fá gjafsókn í héraði, þegar hann fer þess á leit á tilhlýðilegan hátt.

1860.
29. maí.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bætur fyrir nokkra forustusauði úr Borgarfjarðar sýslu.

31. maí.

Eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafð þér, herra amtmaður, í bréfi 10. desemberm. f. á. látið í ljósi álit yðar um ágreining nokkurn milli yðar og stiptamtannsins yfir Íslandi um það, hvort þér hafð haft næga ástæðu til að færast undan að greiða úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 44 rdl. 32 skildinga, eður þriðjung skaðabóta þeirra, er gjalda átti samkvæmt ákvörðun amtmannanna 11. júním. 1857 fyrir niðurskurð á nokkrum forustusauðum í Borgarfjarðar sýslu.

Um þetta mál sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmdar, að eptir upplýsingum þeim, sem nú eru fengnar um atvik málsins, verður dómsmálastjórnin að álíta, að þér hafð ástæðulaust færzt undan að endurgjalda jafnaðarsjóði suðurumdæmisins fé það, sem hér er um rætt, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins; og vonast því stjórnin eptir, að fé þetta verði endurgoldið svo fljótt sem verða má.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun af þingeyra klaustri.

31. maí.

Með því það hefir þótt vafasamt, hvernig ákveða skyldi þann helming af umboðslaununum af þingeyra klaustri, sem R. Olsen umboðsmanni, er var undan þeginn því að hafa á hendi umboðssýslu þessa, bar eptir bréfi dómsmálastjórnar-

1860.
31. maí. innar 22. aprilm. 1856, hafið þér, herra amtmaður, í bréfi 7. febrúarm. þ. á. skotið því undir úrskurð stjórnarinnar, hvort reikna skuli helming þenna af umboðslaununum óskertum, eins og þau eru til greind á gjaldasíðunni í umboðsreikningunum, eða hvort fyrst eigi að draga frá kostnað þann, er umboðssýslan hefir í för með sér, og hafið þér getið þess, að þér hyggið þetta hið síðara vera réttara.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að bæði eptir því, sem eðli málsins bendir til, og samkvæmt grundvallarreglum í opnu bréfi 23. aprilm. 1813 og 14. sept. 1830, smbr. tilskipun 3. febrúarm. 1836, IV., ber að skipta umboðslaununum að frádregnum kostnaði þeim, er umboðssýslan hefir í för með sér, til jafnaðar milli þess, er hefir á hendi umboðsstörfin og þess, sem er undanþeginn frá því að gegna þeim.

31. maí. **27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skaðabætur til norðanpóstsins.**

Þér hafið herra amtmaður, með bréfi 30. septemberm. f. á., sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá Vigfúsi Gíslasyni, norðanpósti, um það, að fá þóknun eður endurgjald fyrir tjón það, er hann hreppti á póstferð til Reykjavíkur í febrúarmánuði árið 1859, og hefir hann metið tjón þetta 234 ríkisdali; hafið þér lagt það til, að honum verði í þessu skyni veitt 100 ríkisdala þóknun.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að dómsmálastjórnin, vegna upplýsinga þeirra, er fram hafa komið um alla málavöxtu, hefir veitt Vigfúsi pósti Gíslasyni, þeim er áður er nefndur, 100 rdl. sem aukþóknun, sökum tjóns þess er hann beið á ferð þeirri, er að ofan er greind, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóði landsins.